

Dagsetning
08.04.2010

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, mál 114.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur að tillagan falli vel að áherslum í byggðaáætlunum. Hún felur í sér aukna fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu og samþættir kennslu, rannsóknir og starfsemi atvinnufyrirtækja. Tillagan getur einnig verið liður í stefnumörkun háskólastarfs með tilliti til sérstöðu svæða.

Byggðastofnun telur að ýmsar forsendur séu fyrir þessu hlutverki Vestfjarða. Sjávarútvegur hefur lengstum verið burðarás byggðar á Vestfjörðum og á ýmsum sviðum hefur landshlutinn verið í forystu t.d. á sviði atferlis- og veiðarfærarannsókna og þorskeldis. Byggðastofnun telur eðlilegt að þessi sérstaða verði viðurkennd og komi fram sem ein af megináherslum sóknaráætlunar fyrir Vestfirði. Á þjóðfundi sem haldinn var í Bolungarvík og í kynningu Vestfirðinga á opnum fundi um niðurstöður þjóðfunda í landshlutum, sem haldinn var á Akureyri á vegum forsætisráðuneytisins 7. apríl, kom fram að megingintilaga heimamanna er að byggður verði upp háskóli hafsins á Vestfjörðum. Önnur mikilvægasta tillagan, sem kynnt var á fundinum hafði heitið sjávarútvegur/eldi og að þessar tvær tillögur væru rökrétt sérstaða Vestfjarða. Vilji heimamanna er því skýr í þessum efnunum.

Virðingarfyllt



Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. P 138/1569
komudagur 7.4.2010

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Hafnarfjörður, 06.04.2010
Tilv. 0015/2010 - 60.12

Vísað er til bréfs, dags. 18. mars sl., þar sem menntamálanefnd Alþingis sendi Fiskistofu til umsagnar tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða (þskj. 122 - 114. mál).

Fiskistofa þakkar fyrir að fá ofangreinda þingsályktunartillögu senda til umsagnar og telur mjög mikilvægt að stefnumörkun háskólastarfs á þeim sviðum sem þar er fjallað um sé markviss sem og stefnumörkun "fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni". Fiskistofa tekur hins vegar ekki afstöðu til þess hvort skilgreina eigi tiltekin landsvæði "sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna í málefnum hafsins og strandsvæða" eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir eða hvort aðrar leiðir eru vænlegri til að þróa og efla kennslu og fræðastörf á þeim sviðum.

Virðingarfyllst

Árni Múli Jónasson,
fiskistofustjóri

Alþingi Grindavíkurbær
Erindi nr. P 138/1567
komudagur 8.4.2010



Alþingi
Nefndarsvið.
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Grindavík, 6. apríl 2010
1003104 ÓÓÓ


Efni: Svar vegna óskar um umsögn við frumvarp til þingsályktunar.

Bæjarráð Grindavíkur tók fyrir erindi yðar, ósk um umsögn vegna þingsályktunar um vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum á fundi sínum miðvikudaginn 31. mars s.l. og bókaði eftirfarandi,

Bæjarráð bendir é að þegar er starfræktur Fisktækniskóli í Grindavík, þar sem m.a. er kennt veiðafæragerð. Fisktækniskólinn sinnir öllu iandinu með fjárkennsku og staðbundinni kennslu. Skólinn er starfræktur á framhaldsskólastigi í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, sjávarútvegsfyrirtæki, verkalýðsfélög og bæjarfélögin á Suðurnesjum.

Tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,


Ólafur Örn Ólafsson
Bæjarstjóri GRINDAVÍK



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1492
komudagur 6.4.2010


Reykjavík, 30.03.2010
Tilv. 90.13
JS/sdk

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, 114. mál 138. löggj. þing 2009-2010

Vísað er í erindi menntamálanefndar Alþingis dags. 18. mars 2010 varðandi ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Hafrannsóknastofnunin tekur undir þau sjónarmið tillögunnar að mikilvægt sé við stefnumótun í rannsóknum og kennslu, og málefnum háskóla landsins, að horfa til sérstöðu landshlutanna og möguleika í því sambandi. Einnig skal bent á vel heppnaða sérhæfingu í veiðarfæra- og fiskiatferlissrannsóknum sem átt hefur sér stað á útibúi stofnunarinnar á Ísafirði. Um leið skal áréttað að til þess að standast alþjóðlega samkeppni krefjast nútíma haf- og fiskirannsóknir yfirleitt verulegs sérhæfðs mannafla og samhæfingar á landsvísu, auk aðgangs að kostnaðarsömum skipakosti og margháttaðri tækni og þjónustu.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is



Alþingi
Erindi nr. P 138/1659
komudagur 8. 4. 2010

Alþingi, Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

08.04.10

Pingsályktunartillaga · 114. mál · Umsögn

**Vestfirðir sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum
og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða**

Háskóla- og Háskólasetur Vestfirjar fagnar framkominni tillögu til pingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða (114. mál), enda er hún fullkomnlega í samræmi við áherslur og stefnumótun Háskóla- og Háskólasetursins.

f.h. Háskóla- og Háskólaseturs Vestfirjar

Dr. Peter Weiss
Forstöðumaður
weiss@uwestfjords.is
00354 450 3045
00354 869 3045



Menntamálanefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
nefndarritari
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2010
Tilvísun: HI10030185/0.3

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvangur kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvangur rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, 114. mál.


Háskóla Íslands hefur borist ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Leitað var álit Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands sem mælti með að tillagan yrði samþykkt.

Að mati Háskóla Íslands er nauðsynlegt að efla rannsóknir á lífríki sjávar, ekki síst á strandsvæðum og fjörum. Á Vestfjörðum og Vesturlandi (t.d. Breiðafirði) eru ákjósanleg skilyrði til slíkra rannsókna. Háskóli Íslands stundar rannsóknir á fiskeldi og líffræði fiska frá Rannsókn- og fræðasetri sínu í Bolungarvík í samstarfi við stofnanir og fyrirtæki á Vestfjörðum. Háskóli Íslands stefnir að því að hefja rannsóknastarfsemi tengda hjarðeldi þorsks frá setri sínu á Patreksfirði með haustinu. Einnig eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir á strandsvæðum frá rannsóknasetri Háskólans á Stykkishólmi (Háskólasetri Snæfellsness), einkum á æðarfugli, krú og öðrum sjófuglum.

Háskólinn á gott samstarf við sjávarrannsóknasetrið Vör á Ólafsvík sem rannsakar einkum lífríki Breiðafjarðar. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni er meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði og forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands í Bolungarvík hefur tekið þátt í kennslu þar. Þá hefur verið samstarf við Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík um rannsóknir á fjörusvæðum og Hafrannsóknastofnun á Ísafirði um fiskeldi.

Allmikið og gott samstarf er því milli þeirra sem stunda rannsóknir á lífríki sjávar á grunnslóð á Vestfjörðum og Vesturlandi. Þar er eðlilegur og æskilegur vettvangur fyrir slíkt samstarf og að mörgu leyti góð og einstök aðstaða. Þessar rannsóknir koma til viðbótar við rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar á hafinu umhverfis Ísland og styrkja þær. Háskóli Íslands er hlynntur því að slíkt samstarf verði eftt og telur að þingsályktunartillagan geti stutt það.

Virðingarfyllt
f.h. Háskóla Íslands


Ingibjörg Halldórsdóttir
lögfræðingur



Alþingi
Erindi nr. P 138/1568
komudagur 8.4.2010

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 31. mars 2010
Tilv.: 1003029

Efni: Umsögn Háskólans á Akureyri (HA) um „Tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða“, þskj. 122- 114. mál.

Menntun og rannsóknir á auðlindum hafsins, þekkingaröflun og nýting þeirra á sjálfbæran hátt er einn mikilvægasti þátturinn í uppbyggingu, þróun og velferð íslensks samfélags til framtíðar. Háskólinn á Akureyri, HA, hefur á undanförunum tveimur áratugum byggt upp mennta- og rannsóknastarf á þessu sviði sem nú er hluti af starfi auðlindadeildar innan viðskipta- og raunvísindasviðs skólans. HA hefur sterk tengsl við símenntunarmiðstöðvar um land allt og er sjávarútvegsfræðinámið í boði til allra landshluta með fjarkennslu, þ.m.t. til Vestfjarða. Þá hefur HA leitað allra leiða til þess að tengjast því rannsóknastarfi og sérþekkingu sem er til staðar í öllum landshlutum og myndað sterk tengslanet, m.a. við þekkingarsetur sem stofnuð hafa verið. Nýverið var þetta starf styrkt enn frekar með stofnun Sjávarútvegsmiðstöðvar HA með samningi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Mismunandi sérhæfing hefur þróast á ýmsum stöðum og ber að styrkja það. Á Vestfjörðum hefur til dæmis myndast áhugaverður kjarni í kringum rannsóknir og menntun tengda veiðarfærataekni og áframeldi á þorski. HA hefur stutt dyggilega við þessa þróun og er lektor HA í veiðarfærataekni til dæmis staðsettur á Ísafirði í samstarfi við Hafrannsóknastofnun. Þessa sérstöðu Vestfjarða er sjálfsagt að styrkja enn frekar með frekari uppbyggingu þessarar starfsemi og mun HA gera sitt til þess að svo megi verða. Meðal þess sem HA og Háskólasetur Vestfjarða bjóða upp á í samstarfi er meistaranám í strandsvæðastjórnun, en það nám hefur verið boðið út á alþjóðavettvangi. Háskólinn á Akureyri ber faglega ábyrgð á þessu námsframboði og nemendur útskrifast frá HA.

Háskólinn á Akureyri fagnar þeim áhuga á og vilja til uppbyggingar rannsókna og menntunar í sjávarútvegi sem fram kemur í þingsályktunartillögunni og styðjum við heils hugar þá viðleitni sem þar birtist til eflingar þekkingar á hafinu og auðlindum þess. Við teljum hinsvegar að ekki sé ráðlegt að skilgreina einn ákveðinn landshluta sem meginvettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða. Við leggjum því til að Alþingi leggi frekar áherslu á að efla slíka þekkingarsköpun og –miðlun með því að byggja á því sem þegar hefur verið myndað með samstarfsneti því sem HA, sem miðstöð sjávarútvegsfræða, hefur byggt upp, og geri því kleift að verða öflugur vettvangur samstarfs á landsvísu m.a. með virkri aðkomu þeirra þekkingarsetra sem fyrir eru.



Með slíkri uppbyggingu gætu áherslur verið mismunandi á milli landshluta. Til dæmis gæti vettvangur sjávarútvegsnáms verið áfram hjá HA, vettvangur rannsókna á bleikjueldi og í vatnalíffræði á Hólum, vettvangur rannsókna á hvöllum á Húsavík, vettvangur veiðarfærataekni þorskeldis og strandsvæðastjórnunar á Ísafirði og svo framvegis. Slík verkaskipting yrði auðvitað unnin í nánu samstarfi þeirra aðila sem að þessum málum koma í viðkomandi landshlutum

Eitt af þeim verkefnum sem standa enn útaf er skilgreining á starfsheitinu sjávarútvegsfræðingur. Sjávarútvegsfræðingur er ekki lögverndað starfsheiti enn sem komið er, en hefð hefur skapast fyrir því að þetta sé þverfagleg menntum sem byggir á raunvísinda- og viðskiptagrunni, auk sérgreina um sjávarútveg (sjá skilgreiningu á vefsíðu Hins íslenska sjávarútvegsfræðifélags <http://www.sjorinn.is>). Þetta nám hefur verið kennt á Akureyri síðan 1990 og hefur á síðustu árum verið unnið að eflingu þess með stuðningi menntamálaráðuneytisins og LÍÚ. Háskólinn á Akureyri hefur þannig verið vettvangur kennslu í sjávarútvegsfræðum í tvo áratugi.

Við óskum þess sannarlega að nám og rannsóknir tengdar hafinu verði eflar á Vestfjörðum sem og í öðrum landshlutum þar sem sérstaða og sérþekking hefur skapast og gefur byggðarlaginu stuðning til framtíðar. HA hefur stutt þá viðleitni á mjög virkan hátt eins og að ofan greinir, en hafa verður í huga að á þessum tíma er verið að skera fjárveitingar til HA og annarra háskóla mikið niður, sem gerir háskólanum mun erfiðara um vik að halda þessu starfi áfram. Einnig verður erfitt að halda úti fámennum námslínunum á Akureyri eins og hinum eiginlegu sjávarútvegsfræðum, hvað þá að koma með nýjar námsbrautir. Við teljum því fulla ástæðu til að Alþingi stuðli að eflingu þessa starfs til þess að þetta svið sem augljóslega er eitt hið mikilvægasta fyrir framtíðarþróun íslensks þjóðfélags megi dafna þrátt fyrir tímabundið bággt efnahagsástand.

Í fylgiskjali er til glöggvunar og upplýsingar lýst því starfi sem unnið hefur verið við Háskólann á Akureyri og hvernig sú starfsemi hefur þróast með öflugum tengslaneti og samstarfi um allt landið.


Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor

Þróun í rannsóknum og menntun, tengt sjávarútvegi við Háskólann á Akureyri

Frá árinu 1990 hefur bakkalárnám í sjávarútvegsfræðum verið í boði við Háskólann á Akureyri (HA). Fyrir þann tíma sóttu Íslendingar bakkalár- og meistaranám í sjávarútvegsfræðum til Tromsø í Noregi (NFH), kennsla í þessum fræðum hófst þar árið 1972 og innrituðust fyrstu íslensku nemendurnir árið 1975. Háskóli Íslands bauð einnig upp á meistaranám í sjávarútvegsfræðum árin 1995-2005 (HÍ-M.sc.). Frá árinu 1990 hafa 144 útskrifast með gráðu í sjávarútvegsfræðum frá HA, 40 Íslendingar frá Tromsø og 19 frá HÍ, í heildina eru því 203 einstaklingar á Íslandi sem bera gráðuna sjávarútvegsfræðingur.

Mynd 1: Þróun nemendafjölda í sjávarútvegsfræðum allir skólar




Námið við HA hefur frá upphafi verið þverfaglegt á raungreinagrunni með hliðsjón af skipulagi náms í Noregi. Skiptist námið nokkuð jafnt milli raungreina, viðskiptagreina og sérgreina sjávarútvegs. Snertifletir námsins eru fjölmargir á ólíkum fræðasviðum, samvinna við önnur fræðasvið HA hefur því alla tíð verið forsenda námsins og þá sérstaklega samkennta með viðskiptafræðum.

Fljótlega eftir að kennsla hófst í sjávarútvegsfræðum við HA var samþykkt þingsályktunartillaga um Akureyri sem miðstöð þekkingaröflunar og rannsókna fyrir íslenskan sjávarútveg. Unnið hefur verið markvisst að uppbyggingu frá þeim tíma. Útibú frá Hafrannsóknastofnun var opnað og starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins (nú Matís) aukin á svæðinu. Báðar þessar stofnanir fengu aðstöðu í húsnæði sjávarútvegsdeildar HA, auk þess sem starfsmenn þeirra sinna kennslu við auðlindaeild HA.

Frá árinu 2002 hefur HA ennfremur einn skóla á Íslandi boðið upp á sérhæft nám í líftækni sem samkennt er að hluta með námi í sjávarútvegsfræðum. Samþætting fræðimanna HA og rannsóknastofnana í sjávarútvegi gefur HA þannig ákveðna sérstöðu í rannsóknum og kennslu á þessu sviði í nánú samstarfi við sjávarútvegsfyrirtæki á svæðinu. Árið 2004 hófst kennsla í umhverfis- og orkufræði við HA sem einnig er samkennd með sjávarútvegsfræðum. Segja má að auðlindaeild HA spanni öll svið auðlinda á Íslandi.

Mynd 2: skipurit náms




Mynd 3: samsetning náms í dag

1.ár		2.ár		3.ár	
Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Stærðfræði I	Stærðfræði II	Fjárhagsbókhalð	Ársreikningurinn	Markaðsfræði	Stjórnun I
Almenn efnafræði	Hagnýt efnafræði	Fjármál I	Rekstrarhagfræði	Þjóðhagfræði	Auðlindahagfræði
Líffræði	Tölfraeði	Tæknileg eðlisfræði	Höfverkefni	Valnámskeið	Lokaverkefni I
Fræðileg vinnubrögð	Orverufræði	Sjávarlíffræði	Stofnstærðarfræði	Veðtækni	Lokaverkefni II
Ísl. sjávarútvegur	Fiskifræði	Haf og veðurfræði	Matvælafræði fiska	Fiskeldi	Vinnslutækni

Grunnur HA sem miðstöðvar rannsókna og kennslu í sjávarútvegi hefur eflst og náðist ákveðinn áfangi þegar rannsókn- og nýsköpunarhúsið Borgir var opnað við HA árið 2004. Þar er starfsemi viðskipta- og raunvísindadeildar HA og fjölmargra stofnana (Hafrannsóknastofnun, Matís, Sjávarútvegsmiðstöðin, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Rannsóknastofnun Háskólans (RHA), Ferðamálasetur Íslands, Imprá nýsköpunarmiðstöð, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og heimskautastofnanirnar PAME og CAFF). Að auki er tveimur upplýsingaveitum tengdum sjávarútvegi ritstýrt úr húsinu: www.fisheries.is og www.fishernet.is, auk þess sem náíð samstarf er við heimskautagáttina www.articportal.org sem hýst er á Akureyri. Segja má að Borgir séu alþjóðlegt umhverfi mennta og rannsókna í sjávarútvegi, líftækni, umhverfismálum, ferðamálum og norðurslóðamálefnum.

Háskólinn á Akureyri hefur þannig markað sér sérstöðu á sviði rannsókna og kennslu í sjávarútvegi, líftækni og málefnum norðurslóða í tengslum við stofnanir í rannsóknahúsinu Borgum og nálægð við fyrirtæki tengd þessum fræða- og tæknisviðum. Auk þess ber HA faglega ábyrgð á meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða og útskrifar nemendur úr því námi. Rík áhersla hefur ætíð verið lögð á fjarnámskennslu sem hefur styrkt tengsl HA við fjarnámsmiðstöðvar um landið, auk þess sem gott samstarf hefur verið við fiskeldisdeild Háskólans á Hólum og fræðasetur HÍ á svæðinu og víðar um landið. Á Norðurlandi hefur því myndast vettvangur rannsókna og kennslu á sviði sjávarútvegs, fiskeldis, líftækni og sjávarstýringar ferðaþjónustu. Góðar samgöngur á svæðinu auðvelda samskipti háskóla, stofnana og fyrirtækja; 1-2ja klst. akstur er frá HA í útjaðar svæðis.

Mynd 4: 1-2 klist frá Akureyri



Rannsóknir háskólanna á svæðinu hafa vaxið jafnt og þétt. Fræðimenn og nemendur við HA ásamt stofnunum á svæðinu stunda rannsóknir og nýsköpun á flestum þáttum sjávarútvegs, fiskeldis og líftækni. Má þar nefna aðstoð við frumkvöðla í eldi lúðu, bleikju, þorsks og kræklinga, ásamt veiðum og vinnslu ígulkerana og kúfisks. Einnig fjölmargar rannsóknir á veiðum, vinnslu og markaðssetningu hefðbundinna nytja og rannsóknir á hafinu sem umlykur landið. Rannsóknir hafa ekki verið bundnar við Norðurland eingöngu og hefur t.d. starfsmaður HA unnið að veiðarfærarannsóknum á Ísafirði og er um leið lektor við HA í samstarfi við Hafró. Samstarf við Háskólann á Hólum sem stundar merkilegar rannsóknir á sviði fiskeldis og ferðamála hefur einnig aukist, auk þess sem unnið hefur verið að frekara samstarfi milli skólanna.

Á Norðurlandi er fjölbreytt flóra fyrirtækja á flestum sviðum útgerðar, fiskvinnslu og fiskeldis. Þar má finna stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins í víðtækri alþjóðlegri starfsemi, stærsta fiskeldisfyrirtækið er með höfuðstöðvar þar, auk fjölda meðalstórra og minni fyrirtækja. Jafnframt er mikill fjöldi iðnaðar- og þjónustufyrirtækja sem hafa sérhæft sig í framleiðslu og þjónustu á sviði sjávarútvegs. Sjávar tengd ferðaþjónusta hefur verið í örum vexti og má þar nefna hvalaskoðunarfyrirtækin á Húsavík Síldarminjasafnið á Siglufirði og sjóstangveiði. Iðnaður tengdur hagnýtingu sjávarlíftækni hefur verið að myndast á svæðinu í tengslum við rannsóknastarf. Á þessu svæði er því saman kominn mannaflí sem hefur yfir að búa víðtækri þekkingu og reynslu á flestum sviðum sjávarútvegs, fiskeldis, líftækni og sjávar tengdri ferðaþjónustu.

Samstarf háskóla, stofnana og fyrirtækja á Norðurlandi er kjörvettvangur rannsókna og kennslu á ofangreindum sviðum sem gefur svæðinu ákveðna sérstöðu. Mikilvægt er að þessi grunnur verði nýttur við heildarstefnumótun í málefnum háskóla á Íslandi og svæðið skilgreint sem slíkt. Þannig er hægt að nýta sem best mannauð og stofnanir á svæðinu til að efla samstarf háskóla, stofnana og fyrirtækja við frekari nýsköpun og þróunarvinnu. Verkaskipting og uppbygging á ofangreindum sviðum ætti að miða að sem bestri nýtingu á takmörkuðum fjármunum til kennslu og rannsókna um leið og starfsemin nýtir tengslanet við þá sérþekkingu og sérstöðu sem er á öðrum svæðum.